

Nd.

102. Breytingartillaga

[11. mál]

við frv. til l. um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, PP, GeirH).

1. Við 2. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Frekari hækkanir launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar á tímabilinu frá 25. maí 1983 til gildistöku laga þessara, hvort sem um þær er samið fyrir eða eftir 25. maí 1983, falla niður. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum sem komnar eru í framkvæmd fyrir 25. maí 1983.

2. Við 2. gr. 4. mgr. hljóði svo:

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, skulu allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslíð 2. málsgreinar 1. greinar, gilda til gildistökudags laga þessara, en vera þá lausir.